

vist hans sem niðursetnings lýsa ef til vill best líðan og aðbúnaði fólks sem þiggja þurfti af sveit. „Allir eru mér góðir og þó eru hundamir bestir“. (Saga 1983, bls. 50).

Á þessum tíma var iðnbyltingin í algleymingi í öðrum löndum og vskur nú sögunni til Bandaríkjanna. Góðgerðasamtökin þar í landi „The Charity Organization Societies“, voru héraðssambönd góðgerðafélaga úr ýmsum áttum. Því má segja að þau hafi verið nokkurs konar forverar héraðs- eða hreppsnefnda þegar um var að ræða opinbera aðstoð í einstökum fylkjum enda þótt grunnurinn væri allt annar. Þetta voru yfirleitt mannúðarfélög sem störfuðu á vegum kirkjudeilda eða trúfélaga. Í góðgerðafélögunum störfuðu bæði launaðir starfsmenn, prestar eða embættismenn innan félaganna og sjálfbóðaliðar, oft efnameiri konur. Hugmyndafræðin sem unnið var eftir var: „Hver er sinnar gæfu smiður“ og „Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir“. (Hillgaard og Keiser 1979). Hjartalhlýja og umhyggja fyrirnáunganum einkendu starfsemina auk margs konar gjafa, fatnaðar, matar og framfærslustyrkja. Frægastir hafa þó súpuðiskarnir orðið sem ennþá þjóna mikilvægum tilgangi í fátækrahjálpi í Bandaríkjunum.

### Vinnuáferð Mary E. Richmond

Fljótlega fara vissar persónur að skera sig úr hvað hugmyndir og vinnuáferðir áhræfir og var Mary E. Richmond ein af þeim. Hún tók fljótlega eftir gildi þess að mynda gott og traust samband við skjólstaðingana með heimsóknum til fjölskyldunnar og skildi einnig mikilvægi skráningar og þess að afla nákvæmra upplýsinga um hagi og kjör skjólstaðinganna. Samtök-in nýttu svo slíkar upplýsingar sem

rök í baráttu sinni fyrir félagslegum umbótum og er sú aðferð til umbóta ennþá í fullu gildi.

Mary E. Richmond er mikilvæg persóna í þróun félagsráðgjafar sem starfs- og fræðigreinar. Hún kemur fyrst við þá sögu sem gjaldkeri í Góðgerðasambandinu í Baltimore. Hún lauk menntaskólanámi 1878 og starfaði svo hjá útgáfufyrirtæki í New York. Hún var ekki hefðarkona að uppruna eins og margar þær konur sem hún starfaði með en var alin upp hjá ömmu sinni og tveimur frænkum í Maryland. Heimilið var þekkt fyrir óhefðbundin áhugamál og skoðanir sem spönnuðu allt frá spfritisma til kvenréttinda. (Pittmann- Munke 1985).

Áður en Mary E. Richmond tók við gjaldkerastarfinu var hún send á viku námskeið til Zilpu Smith í Boston en Zilpa var forseti Boston-góðgerðasamtakanna. Frami Mary E. Richmond innan vébanda góðgerðasamtakanna var skjóttur. Fljótlega (1891) varð hún aðalritari og var það brot á hefð þar eð sú staða var áður eingöngu setin af karlmönnum með háskólapróf í stjórnmálahagfræði. Hún varð þekkt persóna í Bandaríkjunum á sinni tíð fyrir frábæra stjórnunar- og skipulagshæfileika á sviði velferðarmála. Aðferðir hennar við þjálfun og menntun þeirra sem störfuðu innan góðgerðasamtakanna vöktu einnig mikla athygli.

Árið 1900 var hún kölluð til starfa í Philadelphiu til þess að skipuleggja starfsemi góðgerðasambandsins þar. Skömmu áður hafði hún fullgert handbók með hugmyndum sínum og aðferðum við vinnu að líknarmálum. Í handbókinni skilgreindi hún þau svið sem starfsemin spannaði og hvar samherjinn (sjálfbóðaliðinn) kæmi inn. Hún sýndi myndrænt, með sammiðja hringjum, fjölskylduna, nágrenna-samfélagið, borgaraleg og opinber

samtök svo og stofnanir. Fjölskyldan var miðja þessa matrix-kerfis, þeim félagsráðgjöfum sem fást við fjölskylduvinnu til mikillar ánægju. Félagsráðgjafarnir Ann Hartman og Joan Laird vísa til þessa uppruna í byrjun bókar sinnar „Family Centered Social Work Practice“ (1983) þegar þær segja „Fjölskyldan og félagsráðgjöf hafa ferðast lengi saman.“

Mary E. Richmond verður minnst í sögu félagsráðgjafar sem höfundar grunnhugmynda að dæmisögu-aðferðinni (case-work) í aðferðafræði félagsráðgjafa.

Aðferðafræði hennar var bæði einföld og mjög árangursrík miðað við þau markmið sem sett voru, þ.e.a.s að ná fram félagslegum umbótum. Hún gekk út frá því einstaka til þess að vekja athygli á hinu almenna. Hún safnaði upplýsingum úr einstökum málum og notaði til þess að styðja málstað þeirra félagslegu umbóta sem unnið var að hverju sinni. Síðan fór fram endurnat á sömu tilfellum til þess að kanna hvort tilætlaður árangur hefði náðst. Inntakið í aðferðum hennar var þráfaldlega misskilið og túlkað öðrum málstað í vil og þurfti hún því oft að útskýra aðferðir sínar. Aðferð hennar gekk undir nafninu smásöluáferðin til aðgreiningar frá annari sem kölluð var heildsöluáferðin. Mary E. Richmond trúði á að leiðir til félagslegra úrbóta yrðu að byggjast á raunhæfum athugunum á aðstæðum skjólstaðinganna fremur en brjóstviti eða vangaveltum um það hvemig hlutimur væru eða ættu að vera.

Í grein í Social Casework (1985) um Philadelphiuár Mary E. Richmond er bent á að við endurskoðun á framlagi hennar til þekkingarfræði félagsráðgjafa beri að líta á að hún hafði heildarsýn í viðhorfi sínu til félagslegra vandamála og tengdi ýmsa ólíka þætti. Slík



viðhorf dvínuðu um tíma innan félagsráðgjafar og einstaklingurinn varð aðal viðfangsefnið. Hún var af mörgum talin snillingur í stjórnun og ákaflega láginn við að skapa áhuga og vakningu í kringum hvern málstað. Hún var brautryðjandi á sviði skráningar og skipulagðra vinnubragða í velferðarmálum auk þess að vera góður kennari. Niðurstaða Peggy Pittman-Munke, sem er höfundur áður nefndrar greinar, er að hún hafi haft til að bera meðfædda hæfileika, vissa getspeki (intuition), sem hún hafi svo sannreynt í framkvæmd með alvarlegum og markvissum athugunum.

Sá tónn í viðhorfum og vinnubrögðum sem Mary E. Richmond gaf í upphafi hefur bergmálað æ síðan í starfsgreininni. Vínalegar heimsóknir sjálfboðaliða, súpu-diskar, brjóstvit og hjartahlýja dugðu að hennar mati ekki til þess að koma á raunhæfum félagslegum umbótum. Væri félagsráðgjafastarfið eingöngu byggt á slíkri hugmyndafræði hefði það ekki nægt til þess að gera félagsráðgjöf að sjálfstæðri starfsgrein.

## Félagsráðgjöf á sjúkrahúsum

Sjúkrahús tengdust mjög fljótt félagslegri starfsemi bæði vestan hafs og austan. Þar skapaðist skilningur á gildi félagslegra athugana á högum sjúklinga og tengslum umhverfis og sjúkdóma. Fyrstu launuðu stórf félagsráðgjafa tengdust sjúkrahúsum.

Sagt er að Charles P. Emerson, læknir við John Hopkins sjúkrahúsið í Baltimore, hafi hrifist svo af hugmyndinni um „vínalegu heimsóknir“ að hann kom á þjálfun læknastúdenta í anda þeirra. Hann hélt því fram að læknarnemarnir

skildu sjúkdómana betur ef þeir hefðu kynnt sér félagslegar aðstæður sjúklingsins. Tilgangur Emersons var að bæta læknánámið. Þessi starfsemi leiddi þó af sér annað og meira sem verður vikið að síðar. (Wallace, Goldberg og Slaby 1984).

Læknarnemarnir tóku fljótlega eftir því að sjúklingarnir fylgdu ekki einföldustu leiðbeiningum, t.d. um hreinlæti hvað þá annað ef ekki hafði tekist að vinna traust þeirra. Heimsóknir þeirra báru því ekki tilætlaðan árangur nema aðferðir sem þróaðar höfðu verið innan góðgerðastarfseminnar væru nýttar. Þarna var ekki um að ræða mjög meðvitaðar tengslakenningar, a. m. k. ekki eins og síðar varð, en engu að síður fólst í þessu starfi nokkur viðurkenning á þeirri reynslu sem komin var á félagslegum vettvangi í því að ná árangri í heildar-meðferð sjúklinga. Þannig náðist fram viss viðurkenning á slíkum starfsaðferðum. Tilraunir Emersons í kennslu læknanna mörkuðu tímamót varðandi skilning og afstöðu inni á sjúkrahúsum á mikilvægi félagslegra þátta í meðferð sjúkdóma.

Upphaf starfa félagsráðgjafa inni á sjúkrahúsum má rekja til þessa nýja skilnings hinna hefðbundnu sjúkrahússtétta. Í fyrstu var reynt að nota sama fyrirkomulagið og í góðgerðasamtökunum og myndaðir hópar sjálfboðaliða sem kallaðir voru sjúkrahúsvinir. Það reyndist algjörlega ófullnægjandi og þörfin fyrir menntaða stétt á þessu sviði varð ljós. Þarna byrjar aðgreining innan stéttarinnar. Áhersluþættir þeirra sem störfuðu á sjúkrahúsum voru aðrir en hjá góðgerðasamtökunum. Auk þekkingar á félagslegu umhverfi og kunnáttu í skipulögðum vinnubrögðum þurftu félagsráðgjafar á sjúkrahúsum að búa yfir þekkingu á ýmsum sjúkdómum og tengslum þeirra við áhrifaþætti umhverfisins. Þarna var

starfsvettvangurinn víkkaður út og jafnframt sérhæfður (Wallace, Goldberg og Slaby 1984).

Síðar hefur sérhæfing innan félagsráðgjafar að meginstefnu verið með tvennum hætti. Annars vegar er tekið mið af starfsvettvanginum, efniviðnum sem unnið er með og tengist sérstökum sviðum. Dæmi um það er geðfélagsráðgjöf, skólafélagsráðgjöf og barnaverndarfélagsráðgjöf. Hins vegar er gengið út frá aðferðum. Dæmi um það er fjölskylduvinna, hópvinna og umhverfisvinna. (Hartman og Laird, 1983).

Saga félagsráðgjafar á sjúkrahúsum fjallar um eina af mörgum sérgreinum félagsráðgjafar sem auðvelt er að verða hugfanginn af þegar horft er um öxl. Allt frá fyrstu tíð voru félagsráðgjafar eftirsóttir til starfa á sjúkrahúsum en þeir voru aðstoðarmenn og skýrt tekið fram að þeir ættu að halda sig á mottunni hvað varðar virðingu og afstöðu til læknanna. Eftirspurn eftir starfskröftum þeirra var mikil, en launin lág og virðing (status) innan sjúkrahúskerfisins lítil. Virðist sem fljótt hafi örlað á þeirri hvöt stéttarinnar að láta í sér heyra. Í blaði sem kallaðist Hospital Social Service og var gefið út í New York fengu félagsráðgjafar þessar ábendingar 1924, í lauslegri þýðingu:

...Læknirinn á oft rétt á meiri virðingu en hann fær frá félagsráðgjöfunum. Hann mun reynast þeim óbrigðull bandamaður ef rétt er að honum farið. Hann er fljótur að finna inn á framhleypli ef félagsráðgjafinn er of mælskur... Haldið ykkur aðeins við viðeigandi staðreyndir og berið virðingu fyrir tíma hans... Lækninum líkar ekki að honum sé sagt fyrir verkum, hann vill segja fyrir verkum. (The physician doesn't like to be told. He does like to be asked). (Wallace, Goldberg og Slaby 1984, bls.10).



Klínísk félagsráðgjöf átti eftir að hafa mikil áhrif í starfsgreininni. Við störf inni á sjúkrahúsunum var unnið í nánum tengslum við hefðbundnar, rótgrónar stéttir og í stjórnkerfi þar sem mikil stéttaskipting ríkti. Þar var félagsráðgjöf lágt metin, m.a. vegna líftillar menntunar og þess skjólstaðingaþóps sem unnið var með.

Fljótlega komu því upp raddir um það meðal félagsráðgjafanna sem þar störfuðu að renna þyrfti styrkari stöðum undir félagsráðgjafanámið. Fyrstu árin snerist baráttan einnig um það að ekki yrðu aðrir ráðnir til félagsráðgjafastarfa en þeir sem hefðu fengið ákveðna lágmarks þjálfun. Eins og vikið var að hér að framan var algengt á upphafsárunum að einhvers konar sjúkrahúsvinir tækju þessi störf að sér.

Kröfur um endur- og framhaldsmenntun og aukna fagmennsku (professionaliseringu) í starfi félagsráðgjafa komu fram. Fyrstu yfirmannsstöðurnar urðu til á sjúkrahúsunum. Í Danmörku gerðist það 1956 og hafði í för með sér mjög harðar deilur meðal félagsráðgjafa þar. Snerust þær fyrst og fremst um afstöðu til yfirmanna og yfirmannastöður í eigin starfshópi. „Við sem höfðum svo lengi haft yfirmenn úr röðum „akademikera“ þurftum að fjalla ítarlega um það hvort við vildum yfirmenn úr eigin röðum,“ segir Hanne Reintoft í afmælisriti danskra félagsráðgjafa útgefnu í tilefni 40 ára afmælis félagsráðgjafar þar í landi. (1978).

Reyndar voru mjög skiptar skoðanir um alla þessa þætti innan starfshópsins. Menn voru tvíftáttu í afstöðu sinni til þekkingar og menntunar. Umræðan um kosti og galla rannsóknna í félagsráðgjöf á okkar tímum er af hliðstæðum toga. Afstaða til yfirmanna og valdsmannlegrar uppbyggingar þjóðfélagsins er annað gamalt stórt ágreiningsmál

innan greinarinnar og hefur sú umræða m.a. endurspeglast hér á landi í launabaráttu félagsráðgjafa.

## Áherslubreyting innan félagsráðgjafar

### Frá því ytra (félagslega) til hins innra (einstaklings og sálar)

Áður en lengra er haldið skal vikið nokkuð að þróun faglegra áhersluþátta í starfi félagsráðgjafa. Félagsráðgjöf er starfsgrein sem er sprottin úr þjóðfélagsbreytingum. Faglegar breytingar og þróun vinnuáferða hafa því ætíð verið nátengdar straumum samfélagsins hverju sinni.

Fyrr í þessu erindi hefur verið bent á hve þjóðskipulag var með öðrum hætti á Norðurlöndum en í Englandi og Bandaríkjunum. Auk þess var England heimsveldi og Bandaríkin rífsandi stórveldi. Bæði þessi lönd tóku þátt í fyrri heimsstyrjöldinni sem hafði mikil áhrif á áhersluþætti innan félagsráðgjafar þar. Áhrifin komu víðar fram þar eð bæði löndin voru í fararbroddi á sviði þekkingar í félagsráðgjöf og til þeirra sóttar hugmyndir að starfsáferðum. Þegar hermennirnir sneru aftur til fíðurhúsa eftir stríð komu upp gífurleg vandamál heima fyrir. Fjölskyldurnar voru í mörgum tilfellum í rúst. Vandamál voru algeng, svo og ýmsir sjúkdómar sem hlaðnir voru fordómum, svo sem kynsjúkdómar. Rekja má þær námsbrautir, sem settar voru á laggimar fyrir félagsráðgjafa á þessu tímabili, til þessa þjóðfélagsveruleika. Samfélagið var ekki undir það búið að taka á slíkum vandamálum í stórum mæli. Það vantaði fólk með blandaða menntun á sviði viðtalsmeðferðar og félagsfræði.

Fram að þessum tíma höfðu félagsráðgjafar nánast eingöngu unnið með fátækt fólk þar sem félagslegar úrbætur voru langtíma markmið. Dæmisöguaðferðin var alls ráðandi og beitt í anda Mary E. Richmond. Kenningar Freuds og Ranks höfðu alls ekki náð neinum hljómgrunni meðal fagfólks. Dæmisöguaðferðin var upphaflega sniðin að þörfum fjölskyldunnar og þróuð út frá félagslegum staðreyndum í lífi fólks. Á seinni tímum er oft fjallað um þessa aðferð sem einstaklingsvinnu en „case-work“ merkir í raun aðeins að unnið sé að einu máli í senn. Að jafnaðarmerki skuli sett á milli dæmisöguaðferðarinnar og einstaklingsvinnu á sér trúlega þær sögulegu skýringar að faglegir áhersluþættir innan starfsgreinarinnar breyttust.

Eftir heimsstyrjöldina fyrri fór félagsráðgjafanámið að verða fyrir sterkum áhrifum frá geðlæknisfræði og sálarfræði. Kenningar Freuds og Ranks ruddu sér almennt til ríms í meðferðarstarfi. Félagsráðgjafar löguðu þær kenningar að sinni gömlu dæmisöguaðferð. Nú beindist athyglin ekki aðallega að félagslegu umhverfi og félagslegum úrbótum heldur persónuleikanum og breytingum á honum. Umhverfisþátturinn var þó aldrei afneitað og vinna og þróun á því sviði héldu áfram. Næstu tvo til þrjá áratugina var höfuðþunginn þó á einstaklingsþáttum.

Florence Hollis segir um þetta í grein í janúarhefti Social Casework 1980 í lauslegri þýðingu: „Það var aldrei nægur tími til þess að kenna félagsráðgjöfunum í magistersnáminu allt sem þeir þurftu að vita. Ég held að mörg okkar sem kenndum þá hafi tekið umhverfisþáttinn sem sjálfsagðan hlut. Boðskapurinn til nemendanna var að skilningur á persónuleikanum og að kunna vel viðtalstækni væri það mikilvægasta. Samspil við um-



hverfið var þó alltaf kjarninn í félagsráðgjafum aðferðum félagsráðgjafa." (bls. 5). Þegar Hollis skrifaði þetta var hún 73 ára, hafði dregið sig í hlé frá kennslu og stundaði fræðistörf. Í tengslum við aðra endurskoðun á bók sinni *Casework: A Psychosocial Therapy*, sem kom fyrst út 1965, gerði hún ítarlega heimildakönnun á ritverkum félagsráðgjafa og stefnum og straumum innan greinarinnar.



Florence Hollis  
(1907 – 1987)

Margar athuganir hennar eru mjög athyglisverðar og hún leit framtíðarþróun í kenningum innan greinarinnar bjartsýnisaugum. Hún sá mikla möguleika á samþættingu og að tengja einstakling og umhverfi í kenningunum um kerfisfræði og vistfræði. Í fyrrnefndri grein sagði hún einnig þegar hún ræddi um framtíðina: „Í þetta skipti vona ég að sönn samþætting takist án þess að skáka þurfi einstaklingsvinnu og umhverfsvinnu hvorri upp á móti annari. Hinn sanni kjarni félagsráðgjafar er bæði af sálfræðilegum og félagslegum toga og hefur verið það frá byrjun.“ (Bls. 5).

Florence Hollis var einn þeirra frumkvöðla í félagsráðgjöf sem skildi mjög fljótlega á starfsferli sínum mikilvægi þess fyrir félagsráðgjöf sem starfs- og fræðigreina

að byggja upp eigin þekkingargrunn. Hún var sjálf mjög skipulögð hvað þetta snerti og hélt nákvæmt bókhald um störf sín. Skipti þá ekki máli hvort um var að ræða svokölluð „venjuleg“ félagsráðgjafastörf eða fyrirlestra og fræðistörf. Skjalasafni félagsráðgjafa í Nelson Library á Smith College í Massachusetts í Bandaríkjunum var gefið ritsafn hennar, sem spannar allt frá minnispunktum til rannsóknahemilda. Er þetta stærsta gjöf sem safninu hefur borist fram að þessu og skipar þar verðugan sess. Hollis ákvað sjálf að verk hennar skyldu geymd þarna og gaf hún fyrstu gjöfina 1983. Stærsti hlutinn var þó gefinn eftir dauða hennar, 1987. (Smith College Journal 1988).

## Bertha C. Reynolds

### Faglegar áherslur innan félagsráðgjafar

Margir hafa líkt sögu félagsráðgjafar við klukku þar sem pendúllinn sveiflast úr einu horni í annað í rás tímans. Við annan enda pendúlsins er einstaklingurinn og við hinn endann félagslegt umhverfi. Ríkjandi aðferðafræði hverju sinni hefur því ýmist einstaklinginn eða hið félagslega umhverfi sem aðalmarkmið og viðmið um val aðgerða. Sveiflurnar hafa svo endurspeglad það pólitíska og hugmyndafræðilega ástand sem ríkir í þjóðfélaginu hverju sinni.

Á tímabilum hafa þessar sveiflur ögrað svo mjög faglegru sjálfsmynd félagsráðgjafa að klofningur innan stéttarinnar hefur átt sér stað. Kveðið hefur svo rammt að þessu fyrirbæri að fólk hefur verið flæmt úr starfi vegna skodana sinna og ágreinings við eigin starfshóp.

Mörgum fræðimönnum innan greinarinnar núna ber þó saman um að þessar öfgar séu á undanhaldi. Með betri menntun og tilkomu rannsókna í félagsráðgjöf megi ætla að greinin nái að byggja upp þekkingargrunn út frá eigin forsendum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Félagsráðgjöf er starfsgrein sem byggir á hugmyndafræði tengsla einstaklings og umhverfis og hana hafi líkt og margar aðrar greinar vantað hugtök sem fela í sér þennan hugsunarhátt. Tungumálið til að tjá slíkar hugsanir hafi ekki verið til. Sálfræðileg hugtök fjalli um það innra og félagsfræðileg hugtök um það ytra en félagsráðgjöf sem starfs- og fræðigreina hafi sótt þekkingu í báðar þessar áttir. (Hartman og Laird 1983).

Þróun dæmisöguaðferðarinnar innan félagsráðgjafar er gott dæmi um erfiðleikana í þessum efnum. Aðferðin þróaðist út frá starfsvettvangi félagsráðgjafa en þegar ný þekking kom til vantaði hugtök sem gátu tengt saman það gamla og nýja. Hinum upprunalega faglega arfi var gleymt. Það sem átti að aðlaga aðferðinni tók smám saman yfirhöndina.

Þegar saga félagsráðgjafar er skoðuð, bæði með tilliti til þróunar aðferða og frumkvöðla í faginu, kemur nafn Berthu C. Reynolds fljótt upp. Það er ekki of djúpt í árina tekið að segja að saga hennar er saga félagsráðgjafar, svo mjög er þetta tvennt samosið. Nafn hennar þekkja allir félagsráðgjafar en oft úr mjög ólíku samhengi, svo fjölþættur var starfsferill hennar og spannaði vítt svið. Ég vil leyfa mér að nota gömlu dæmisöguaðferðina og ljúka þessum þætti umfjöllunar minnar á stuttu yfirliti um náms- og starfsferil þessarar konu. Samantektin byggir á grein eftir Marti Bombyk í Smith College Journal 1987.



Árið 1985 var haldið hátíðlegt aldarafmæli Berthu C. Reynolds og stofnað félag með nafni hennar. Afmælishátíðin fór fram á Smith College School for Social Work, en þeim skóla tengdist Bertha Reynolds eins og vikið verður að síðar. Hún fæddist árið 1885 (næsta kynslóð á eftir Mary E. Richmond) og var á meðal fyrstu menntuðu félagsráðgjafanna í Bandaríkjunum. Á þeirra tíma mælikvarða hafði hún góða klínfska menntun og mjög ákveðnar stjórnmalaskoðanir, var einlægur Marxisti. Hún lést árið 1978.

Bertha var þriðja barn foreldra sinna en það fyrsta sem lifði. Faðir hennar lést þegar hún var fjögurra ára og vann móðir hennar fyrir fjölskyldunni með kennslu.

Bertha C. Reynolds lauk kennaraþrófi (Phi Beta Kappa) 1908 og réddst til kennslu í Atlantafylki. Þar kynntist hún kynþáttafordómum og ýmiss konar félagslegu óréttlæti sem nemendur hennar bjuggu við. Hún tók upp samstarf við blökkumanna-leiðtoga í Atlanta og var virk í starfi með þeim um skeið á sviði skóla- og menntamála. Dvölin í Atlanta varð henni lærdómsrík. Hún var að niðurlotum komin, yfirþyrmd af því sem hún hafði séð og reynt að breyta með litlum sýnilegum árangri. Um tíma hélt hún að starfsferli sínum væri lokið þar sem hún eygði ekki leið til þess að vinna áfram á sama vettvangi. Lífsviðhorf hennar og löngun var að vinna fyrir þá sem minnst máttu sín og órétti voru beittir. Í þrengingum sínum hélt hún til Boston og settist á skólabeck. Hún lauk BS. prófi frá Boston School for Social Work 1914, (síðar Simmons College School for Social Work). Árið 1918 tók hún þátt í fyrsta námskeiðinu sem var skipulagt fyrir félagsráðgjafa á Smith College. Það hét þá „Training School for Psychiatric Social Work“.

Á árunum 1919–1923 var Bertha C. Reynolds yfirfélagsráðgjafi á Danvers ríkisgeðsjúkrahúsinu og 1923–1925 starfaði hún við geðverndardeild í Boston. Árin 1925–1938 var hún kennari og síðar aðstoðarrektor á Smith College. Á þessum árum má segja að þroski hennar sem félagsráðgjafa, kennara og fræðimanns hafi verið hvað mestur og þá kom fyrsta bók hennar út.



Bertha C. Reynolds  
(1885 – 1978)

Brottför hennar frá Smith var með sögulegum hætti og tengdist miklu hugmyndafræðilegu uppgjöri félagsráðgjafa í Bandaríkjunum sem hún varð persónugerð fyrir. Vaxandi óánægju með hin róttæku viðhorf hennar gætti innan skólans. Hún fór ekki dult með stjórnmalaskoðanir sínar og í kennslunni var hún ávallt trú þeirri sannfæringu sinni að samhliða öllum störfum félagsráðgjafa þyrftu þeir að láta orsakir félagslegra vandamála sig varða. Það er ekki hægt að segja að hún hafi verið rekin úr starfi en hún var flæmd burtu vegna skoðana sinna. Þessi atburður er ákaflega viðkvæmur í sögu bandarískra félagsráðgjafa og ekki síður í sögu Smith College. Andinn í þeim skóla hefur verið sá að þar sé Mekka félagsráðgjafa og því er erfitt að horfast í augu við þær staðreyndir í sögunni sem brottför Berthu Reynolds frá skólanum bar vitni um.

Eftir brottförina frá Smith var hún kennari og handleiðari víðs vegar í Bandaríkjunum. Hún kenndi við ýmsa skóla og handleiddi starfsfélaga á stofnunum. Í upphafi fimmta áratugarins fór að gæta mikillar tortryggni í Bandaríkjunum í garð Marxista og kenninga þeirra. Aftur beindist athyglin að Berthu Reynolds vegna stjórnmalaskoðana hennar. Hún hafði starfað að handleiðslu við National Maritime Union í New York City um fimm ára skeið en var leyst frá störfum án eftirlauna árið 1948. Á þessu tímabili þróaði hún starfsaðferðir í handleiðslu og skrifaði sígilda bók um það efni.

Handleiðsla og handleiðslutækni er hluti af félagsráðgjafaarfinum sem félagsráðgjafar hafa því miður ekki staðið nógu sterkan vörð um og munað að er ættaður frá þeim. Í nýlegum bókum um handleiðslu, sem skrifaðar eru af öðrum en félagsráðgjöfum, gætir tilhneigingar til þess að minnst ekki á þessi fyrstu verk félagsráðgjafanna á sviði handleiðslu. Þar er gjarnan vitnað í verk frumkvöðla á þessu sviði sem flest eru mun yngri en t.d. skrif Berthu Reynolds. Slík dæmi um góða fagmennsku félagsráðgjafa sem hafa einfaldlega „gleyms“ má finna víða.

Bertha Reynolds hélt ótraud áfram starfi sínu. Hún stundaði fræði- og sjálfbóðaliðastörf af miklum krafti og byggði upp einkameðferð. Hún ritaði fjölmargar greinar um félagsráðgjöf í blöð og tímarit. Eftir hana liggja fjórar bækur: Sú fyrsta „Between Client and Community“ kom út 1934, og er eins og áður er getið skrifuð á Smithsárunum. Önnur bók hennar „Learning and Teaching in the practice of Social Work“ kom út 1942, á þeim árum sem hún handleiddi sem mest. Hún er almennt talin besta bók hennar og ein af perlum okkar félagsráðgjafa í hagnýtri þekkingarfræði. Þriðja



bókin „Social Work and Social Living“ kom út 1952 eftir að starfsfélagahópurinn hafði í tvígang snúið við henni bakinu. Fjórða og síðasta bók hennar „Unchartered Journey“ kom út 1963 og er sjálfsvævisaga.

Þrátt fyrir mikil vonbrigði í starfi sem félagsráðgjafi lét Bertha Reynolds aldrei bugast, hún sneri hvorki baki við starfsfélögum sínum né starfsgrein. Eina skiptið sem hún var að því komin að gefast upp var eftir kennsluvölina í Atlanta. Þá var hún ung, tilfinningarík kona sem eygði ekki leiðir til lausnar á því félagslega óréttlæti sem hún varð vitni að. Hún brást við með því að auka menntun sína og efla sig og það varð stíll hennar æ síðar að bregðast við mótlæti og oft vonleysi með því að styrkja sjálfa sig og gera ennþá betur. Hún var félagsráðgjafi af lífi og sál, trú sannfæringu sinni þrátt fyrir að hún þyrfti að lifa persónulega fyrir það.

Ævi og störf Berthu Reynolds hafa orðið mörgum umhugsunarefni. Hún og annar félagsráðgjafi, Mary Jarett, eru frásagnarefni tveggja sagnfræðinga í sögulegu yfirliti um níu bandarískar konur frá árunum 1890–1940. Rit þeirra ber nafnið „Unequal Colleagues: The Entrance of Women into the Professions 1880–1940“. Eins og nafnið ber með sér fjallar bókin um fagleg störf kvenna á brautryðjendaárum fagmennskunnar almennt. Allar konumar sem sagt er frá í þessari bók brugðust við fordómum og áföllum á starfsferli sínum líkt og Bertha Reynolds, með því að gera ennþá betur og finna nýjar leiðir til áframhaldandi persónuþroska og þróunar í starfsgrein sinni. (Smith College Journal 1987).

Í lífi Berthu Reynolds, sem og í uppruna félagsráðgjafar má því strax greina mörg þeirra fyrirbæra sem ennþá lifa misgóðu lífi í

umræðunni um starfsgreinina, svo sem: afstöðu til þekkingar, samræmingu stjórnmálaskoðana og starfa félagsráðgjafa auk afstöðu til sérhæfingar og aðgreiningar innan starfshópsins. Virðast þessir þættir koma fram í nánast öllum löndum þar sem ég þekki til og er því freistandi að tengja þá eðli starfsins og uppruna. Sá grunnur sem félagsráðgjöfin stendur á, mannúðarstefnan annars vegar og skipulag félagsmála hins vegar, með innbyggðu eðlirliti samfélagsins og tengslum við hagkerfin felur í sér hræringar og umrót enda einkennist saga félagsráðgjafar af stöðugu endumati, bæði á námi og starfi. Breytingar hafa verið rauði þráðurinn í starfsgreininni, bæði innan hennar sjálfar svo og í þjóðfélaginu og hafa oft kallað á miklar deilur, sársauka og klofning innan greinarinnar. Ef til vill má segja að félagsráðgjöfin hafi verið á breytingaskeiði frá upphafi og við þekkjum öll hvaða innri og ytri áttök fylgja breytingaskeiðum lífsins.

Nú er margt sem bendir til þess að jafnvægi sé að skapast innan greinarinnar. Starfsmyndin er styrkari og það er varla lengur ógnun við allan hópinn þó að aðgreining í sérsvið fari fram. Þróun og aukin þekking á þjóðfélaginu og manneskjunnari hafa leitt í ljós að yfirleitt er ekki um andstæður að ræða heldur sameiginlega hagsmuni. Samvinna og samtenging manns og umhverfis, heildarsýn á manneskjuna og aðstæður hennar hafa verið aðalsmerki félagsráðgjafa frá fyrstu tíð. Það hefur aldrei verið raunhæft að þar ríkti „annað hvort eða“ heldur ávallt „bæði og“.

### Fagmennska og félagsráðgjöf

Fagmennska er skilgreind á sér-  
tækan hátt í hverri starfsgrein fyrir

sig. Almennt má segja að fagmennska eigi að vera trygging fyrir gæðum starfs eða þjónustu. Hún hefur einnig þjónað þeim tilgangi að standa vörð um starfsgreinina, skilgreina hana þannig að starfs sviðið sé verndað og hver sem er geti ekki borið tiltekið starfsheiti án þess að uppfylla viss skilyrði.

Þegar félagsráðgjöf var að próast sem starfsgrein voru ýmsar aðrar starfsgreinar að taka á sig svip fagmennsku. Stofnun stéttarféлага, faglegra tímarita svo og breytingar á námi og aðgengi til náms koma við sögu margra greina. Nefna má verkfræði og arkitektúr sem dæmi um greinar þar sem þróun fagmennsku hefur verið einn sterkasti þátturinn. Ólíkir starfshópar eru komnir mislangt í þróun fagmennsku m.t.t. að skilgreina staðla og setja reglur varðandi vinnubrögð. Flestir starfsfaghópar sem kenna sig við fagmennsku hafa mótað síðareglur sem hafðar eru til viðmiðunar. (Ehrenreich og Ehrenreich 1979).

Síðareglur starfshópa höfðu bæði til þess sem talið er rétt á hverjum tíma í samfélaginu svo og til einstakra þátta eða atburða í starfinu þar sem tengsl hagsmunaaðila og skilgreind hlutverk flétt-ast inn í. (Loewenberg & Dolgoff 1985).

Það er liðin tíð að hægt sé að segja til um stétt fólks eingöngu út frá stöðuheit. Það er einnig liðin tíð að hægt sé að segja nákvæmlega til um inntak starfs út frá stöðuheit. Skilgreining á fagmennsku til aðgreiningar frá stéttarfélagi hefur því verið mikilvægur þáttur hjá þeim sem fást við stjórnunarfræði auk þeirra starfshópa sem kenna sig við fagmennsku. Nokkrar skilgreiningar á fagmennsku hafa verið lífsseigari en aðrar enda þótt viss grunntónn sé þeim flestum sameiginlegur. Skilgreining Etzionis (1972) sem var lengi notuð þykir



nú frekar fhalðssöm og gamaldags. Hann lagði áherslu á fjóra meginþætti:

Að minnsta kosti 5 ára háskólanám eða meira.

Starfshlutverk snýst um líf eða dauða, friðhelgi einkalífsins.

Þekkingarmiðlun eða ráðgjöf.

Rannsóknarstörf, vísindastörf, nýja þekkingu.

Almennari skilgreiningu má finna í verkum Barböru og John Ehrenreich (1979) þar sem þau fjalla um uppruna faglegu millistéttanna. Þau ganga út frá þremur meginþáttum:

1. Viss þekkingargrunnur er fyrir hendi innan starfsgreinarinnar sem einungis er aðgengilegur eftir lengra nám.
2. Vissar siðareglur sem fela í sér einhvers konar skuldbindingar gagnvart samfélaginu eru til staðar.
3. Sjálfstæði starfsgreinarinnar er skilgreint og tryggt að aðrir skipti sér ekki af starfsreglum hennar. Þarna er m.a. átt við að það sé fyrst og fremst fólk innan greinarinnar sem geti dæmt um hvort menntun, rannsóknir eða verk af öðrum toga standast kröfur hennar.

Dæmi um síðastnefnda atriðið höfum við í núgildandi lögum okkar um félagsráðgjöf þar sem SÍF veitir umsagnir um starfsleyfi félagsráðgjafa.

Í stuttu máli má segja að einkenni fagmennsku séu traustur fræðilegur þekkingargrunnur, skýr hlutverk og ákveðin markmið og leiðir í starfi (praxis) við þróun starfsgreinar. Félagráðgjafar hafa í gegnum árin haft mjög skiptar skoðanir á fagmennskunni. Þar hafa verið á ferðinni býsna flóknir hlutir sem snerta uppruna starfsins, hugmyndafræðilegan grunn, starfsmyndina og auk þess þann raun-

veruleika sem hver félagsráðgjafi starfar við.

Það tók mörg ár að vinna að alþjóðlegum siðareglum fyrir félagsráðgjafa og slík vinna verður reyndar aldrei unnin í eitt skipti fyrir öll. Siðareglurnar hafa þótt táknrænar, verið nokkurs konar sameiningartákn allra félagsráðgjafa hvaðan sem þeir menntast og hvar sem þeir starfa.

Danski félagsráðgjafinn Hanne Reintoft segir í riti, útgefnu á fertugsafmæli danskra félagsráðgjafa 1978, að siðfræðiumræðan meðal félagsráðgjafa í Danmörku hafi verið fyrsta skref þeirra til þess að skilgreina starf sitt og hlutverk í samfélagslegum skilningi. Í Danmörku hófst þessi umræða í tengslum við nýjar vinnuáferðir, fjölskylduvinnu og umhverfisvinnu og var upphafsmaðurinn Ole Hermansen sem margir félagsráðgjafar þekkja af námsefni í umhverfisvinnu. Hann var á þeim tíma nemandi í félagsráðgjafaskólanum í Árósum og varð síðar rektor þess skóla.

Í umræðu um fagmennsku félagsráðgjafa á Norðurlöndum hefur löngum verið gagnrýnt hve mjög þeir hafa horft til hins engilsaxneska hugmyndaheims. Bein yfirfærsla á vinnuáferðum frá Englandi og Bandaríkjunum féll í grýttan jarðveg og reyndist því oft illa. Varð þetta því á vissan hátt hvatning fyrir félagsráðgjafa á norðlögum slóðum til þess að þróa eigin áferðir og vakna til vitundar um mikilvægi ólfkra menningarheima.

Á síðari árum gætir þó viss umburðarlyndis í þessari umræðu sem tengist tvísmælalaust öruggari starfsmynd félagsráðgjafa á Norðurlöndum. Eins og vikið var að hér í upphafi varð félagsráðgjöf til sem starfsgrein fyrir tilverknað margra

samverkandi þátta á hverjum tíma og í hverri þjóðfélagsgerð. Það er því ekkert undarlegt þó að við mótun starfs- og fagfmyndar sé litið til þeirra landa þar sem greinin á sér lengri sögu og þróun. Bætt menntun, skýrari afmörkun félagsráðgjafar innan háskólanna og rannsóknvinnu hafa ýtt undir faglegt sjálfs-traust félagsráðgjafa og umræða og endurskoðun hafa því tekið á sig málefnalegri blæ.

## Starfsval félagsráðgjafa

Flestum ber saman um að mat einstaklinga og starfshópa á starfi sínu sé nátengt fagmennsku (professionalism) og því álitu sem starfið nýtur í samfélaginu.

Hjálparstörfin svokölluðu, þar sem fagmaðurinn þarf oft að vinna á mörkum hins persónulega og faglega, hafa verið rannsökuð sérstaklega með hliðsjón af persónulegum þáttum og gildismati við starfsval. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram að á bak við starfsval í hjálparstörf liggja ómeðvitaðar persónulegar þarfir. Hjálparamir hafi tilhneigingu til þess að afneita eigin þörfum og vandamálum og í hjálparstarfinu skapist svo möguleikar á að sinna þörfunum og leysa vandamálina ómeðvitað með því að hjálpa öðrum.

Nokkrar heimildir sem lúta að starfsvali félagsráðgjafa voru kannaðar og sérstök áhersla lögð á að kanna rannsóknir sem beinst hafa að persónulegum þáttum í starfsvali. Elstu heimildir voru frá árinu 1957 og þær yngstu frá árinu 1987. Í sumum þessum könnunum eru félagsráðgjafar bornir saman við aðrar stéttir, t.d. lækna, viðskiptafræðinga og sálfræðinga. Aðrar fjalla eingöngu um félagsráðgjafa.



Þegar félagsráðgjafar voru bornir saman við aðra starfshópa kom í ljós að rauði þráðurinn í starfsvali þeirra upphaflega var þörfin fyrir að hjálpa fólki sem á bág og er á einhvern hátt minni máttar í samfélaginu (góðgerðasjónarmið?). Óljóst orðalag „að vinna eitthvað með fólk“, kom fram í könnun Rosenbergs 1957 og Polanskys frá 1959. Áhugi á manneskjunn og samsömun með þeim sem eru minni máttar voru metin hærra en laun, áhugi á fræðigreininni og starfsframi (Marsh 1988).

Áhrif fjölskyldu og félagslegs umhverfis á mótun ríkjandi þátta í persónuleikanum ásamt kenningum um hlutverk í uppruna-fjölskyldu og áhrif þess síðar í lífinu hafa m.a. komið fram í verkum þeirra sem fást við áfengismeðferð (Adler 1959, Black 1981).

Í rannsókn á 1500 manna úrtaki félagsráðgjafa, sem gerð var af Lackie 1982, kom í ljós að meira en tveir þriðju aðspurðra álitu sig hafa verið í nokkurs konar foreldrahlutverki í upprunafjölskyldu. (Marsh 1988). Slíku hlutverki (parentified child) hefur verið lýst af Black (1981) og Weititz (1985) á þann hátt að barni sé falin ótímabær ábyrgð innan fjölskyldunnar og þannig skapist hætta á að það þrói of snemma með sér óraunhæfa ábyrgðarkennd. Ábyrgðin komi á undan leiknum sem sé hið eðlilega tjáningarform barnsins. Þessir þættir móti síðan sjálfmyndina og fylgi einstaklingunum til fullorðinsára. Þeir eigi oft erfitt með að láta undan eigin þörfum og tengi vellíðan sína því að þörfum annarra sé mætt á undan þörfum þeirra (Marsh 1988).

Þessi niðurstaða er í samræmi við kenningar Alice Miller um þá sem veljast til meðferðarstarfa og hún lýsir í bókinni „The Drama of the Gifted Child“ (1981). Þar byggir

hún m.a. á kenningum Winnicotts (1956) um framtengsl, þegar barn lærir að mæta þörfum foreldris mjög snemma og efast um eigin tilfinningar og þarfir. Bredford & Bredford (1985) notuðu persónuleikaþróf til þess að rannsaka hóp af breskum félagsráðgjöfum. Í ljós kom að félagsráðgjafar mátu sig hærra en samanburðarhópur, valinn af handahófi, hvað varðaði tilhneigingu til sjálfsásakana, tortryggni og að vantreysta sjálfum sér. Þeir voru einnig hærri að stigum þegar metin var hæfni til innlifunar (empathic skills). Þessar niðurstöður koma einnig heim og saman við kenningar Alice Miller um styrkleika og veikleika hjá börnum sem gegnt hafa foreldragerðu hlutverki í upprunafjölskyldu. Bredford og Bredford hafa í tengslum við könnun sína sett fram hugmyndir um það hvort e.t.v. geti verið samhengi á milli kulunareinkenna í starfi hjá félagsráðgjöfum og þess hve sterka tilhneigingu þeir hafa til sjálfsásakana og hjálparþarfa á eigin kostnað. (Marsh 1988).

### Nám og starfsskynjun

Námslengd og starfsmynd virðast vera nátengd fyrirbæri. Rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem nám er lengra verður sterkari tilhneiging hjá einstaklingi til þess að skilgreina og samsama sig með starfsgreininni. Starfsmyndin grundvallast þannig á sameiginlegu gildismati greinarinnar og viðurkenningu innan hennar. (Blau og Scott 1968, Ehrenreich 1979).

Þegar fagmenn eru bornir saman við embættismenn (skriflinna) eins og Hegland gerði (1971) kemur í ljós að fagmaðurinn hefur mjög sterkar taugar til starfsgreinar sinnar og starfsskynjun hans er nátengd álitum eigin starfshóps. Embættismennirnir voru hins vegar fyrst og

fremst tengdir kerfinu sem þeir störfuðu í og þeim valdapyramída sem þar ríkti (Hansen, Hansen, Præstegaard og Nanna K. Sigurðardóttir 1978).

Myndugleiki fagmannsins byggir á sjálfræði og sjálfstæði í starfi svo og mikilvægi þess að vera faglega duglegur, ekki síst að mati eigin starfshóps. Hollusta og trúnaður liggja fyrst og fremst hjá starfinu og starfshópnum (samtrygging). Meginmáli skiptir að standa faglega rétt að hlutunum.

Tvíáttun til þekkingar og menntunar er vel þekkt fyrirbæri í þeim starfshópum sem hafa hugsjón að grunntóni í uppruna sínum (að breyta þjóðfélaginu eða hjálpa öðrum). Hugsjón af einhverju tagi virðist ennþá vera mjög ríkur þáttur í starfsvali félagsráðgjafa líkt og mannúðin í góðgerðastarfsseminni forðum. Beint samband við skjólstaðingana er sá hluti starfsins sem tekur mestan tíma og ber oft hæst hvað varðar ánægju. Margirtala um að sá þáttur gefi mest eða næri í starfinu. Þannig verður hjálparstarfið ef til vill ómeðvitað leið til þess að sinna eigin þörfum, fá eitthvað fyrir sig án þess að þurfa að sýna óæskilega eiginleika.

Á sumum tímabilum í sögu félagsráðgjafar hefur þessi þáttur orðið mjög ríkjandi á kostnað fræðilegrar og faglegrar þróunar innan greinarinnar. Öll önnur verkefni en skjólstaðingavinnan eru látin sitja á hakanum og menn skynja þau sem svik við skjólstaðingana, hugsjónina og hjálparþörfina. Að efla sjálfan sig í starfi er talið munaður, handleiðsla er skorin við nögl eða er það fyrsta sem lýkur ef skera þarf niður fjárhagsáætlanir. Þegar svo er komið getur verið mikil hætta á ferðum. Þá er ekki lengur unnið út frá þeim bakharli sem þekkingin er heldur hugmyndum um eigin getu, mikilvægi og hugsjón. Þetta



getur orðið upphaf hægfara eyðileggingar í starfi. Skilningur og möguleikar á faglegri styrkingu eru lykilatriði í starfsmyndinni og framtíðarávinningurinn er tví-mælalaust í þágu skjólstaðinganna.

## Lokaorð

Félagsráðgjöf sem starfsgrein nam hér land fyrir 25 árum. Hún hefur hlutverki að gegna í sfbreytilegu þjóðfélagi þar sem ýtt er undir einstaklingshyggju, sjálfsspeglun og sjálfsfullnægju í stöðugt auknum mæli, þar sem best er að vera engum háður, síst öðrum manneskjum. Félagssráðgjafar eiga eftir að taka afstöðu til og móta ótal áhugaverða þætti í þróun greinarinnar hér á landi í framtíðinni. Verkefnið sem blasa við núna eru afstaða til sérhæfingar og stefnur varðandi rannsóknir.

Einnig má nefna hlutverk félagsins varðandi stefnumótun greinarinnar, leiðir til að tengjast Háskóla Íslands og hafa áhrif á mótun grunnnáms í félagsráðgjöf. Í tengslum við umræðu um sérhæfingu er nauðsynlegt að skilgreina hvað grunnámið á að fela í sér. Við verðum sjálf að vera viss á því hvað félagsráðgjafi og félagsráðgjöf eru. Spyrja má: Hvað þurfa allir félagsráðgjafar að vita? Hvað er sérhæfing innan greinarinnar? Hvað má reikna með að félagsráðgjafi með starfsleyfi á Íslandi viti og kunni? Trúlega verða ekki allir á einu máli um svörin, en spurningunum þarf engu að síður að varpa fram. Eftirmenntun og framhaldsnám félagsráðgjafa er annar stór málaflökur sem móta þarf stefnu um og taka skipulega á. Ekki er deilt um nauðsyn menntunarinnar heldur fremur hvernig að henni skuli staðið. Stöðug fagefning er ein helsta undirstaða öryggis í starfi samhliða markvissri þróun greinarinnar.

Félagsráðgjafar hafa í tímans rás verið fundvísir á innbyrðis sundr-

ungarefni og hugsanlega tafið framþróun greinarinnar með karpi byggðu á tilfinningalegri afstöðu. Félagssráðgjöf byggir á mjög breiðum grunni faglega og starfslega og slík grein rúmar alltaf andstæðar skoðanir og val á vinnuáferðum. Félagspólítiska stefnan og meðferðarstefnan í félagsráðgjöf eru ekki andstæður. Umræðan þarf að byggja á sveigjanleika og skilningi hinnar þroskuðu manneskju sem veit að veröldin er ekki annað hvort svört eða hvít heldur bæði svört og hvít og með fleiri litbrigðum.

Ást félagsráðgjafa á starfinu og það sem sameinar þá kemur ef til vill skýrast fram í afstöðu þeirra til skjólstaðinganna. Ég vil leyfa mér að halda því fram að flestir félagsráðgjafar óski fyrir hönd skjólstaðinga sinna eftir jafnvægi í lífi þeirra. Þetta á bæði við um efna-hagslega og tilfinningalega þætti. Við getum trúlega öll sameinast í þeirri ósk að hjálp til sjálfshjálpar beri árangur, að við búum í og mótum þjóðfélag þar sem allir hafa þak yfir höfuðið, atvinnu, tryggja menntun og félagslegt öryggi.

Félagsráðgjafar sem starfshópur verða að vera sáttir við starf sitt og starfsvettvang. Þar ríkir fjölbreytileiki og því verða félagsráðgjafar að leggja áherslu á að byggja upp trausta, faglega sjálfsmýnd. Þar er menntunin einn mikilvægasti þátturinn. Við erum starfshópur með sérstæða sögu, faglegan arf, sem við megum vera stolt yfir. Þar er mannúðlegt gildismat haft að leiðarljósi og heildrænt viðhorf til manneskjunnar í umhverfi hennar ríkir. Megi okkur auðnast að þróa greinina farsælega í breytingum hverju sinni án þess að rjúfa tengslin við rætur fortíðarinnar.

## Heimildir

Adler A. 1959. *Understanding Human Nature*. New York: Premier Books, Fawcett Publications.

- Black C. PhD, MSW. 1981. *It Will Never Happen To Me*. Denver, Colorado: M.A.C. Printing and Publication Division.
- Bombyk M. PhD. 1987. *The First National Meeting of the Bertha Capen Reynolds Society*. Smith College Journal School for Social Work Vol. V. No 2.
- Bonne S. 1988. *From the Archives*. Smith College Journal School for Social Work Vol. VI. No. 1.
- Blau P. 1968. *Bureokratiet i det moderne samfund*. Nyt Nordisk Forlag.
- Ehrenreich B. og J. 1979. *The Professional Managerial Class*. Í Walker P. (ritstj) *Between Labor and Capital*. Boston: South End Press.
- Etizioni A. 1972. *Moderne organisationer*. Hans Reitzel.
- Gísli Á. Gunnarsson, 1983. *Löggjöf um fátækraframsærslu og stjórn fátækramála á 18. öld*. Saga nr. 21.
- Grigg S. 1987. *From the Archives*. Smith College Journal School for Social Work Vol. V. No. 1.
- Hansen A., Hansen V., Præstegaag J., Nanna K. Sigurðardóttir 1978. *Socialraadgiverens velfærd i en socialforvaltning*. Aflofningsopgave Den Sociale Højskole, Odense.
- Hegland T.J. 1971. *Arbejdsnotat*. Institut for Organisation og Arbejds sociologi.
- Hartman A. og Laird J. 1983. *Family-Centered Social Work*. New York: The Free Press, A Division of Macmillan.
- Hillgaard L. og Keiser L. 1979. *Social (be)handling. Teori og metode i socialt arbejde*. Munksgaard.
- Hollis F. 1980. *On Revisiting Social Work. Social Casework: The Journal of Contemporary Social Work*, janúarhefti.
- Loewenberg F. og Dolgoff R. 1985. *Ethical Decisions for Social Work Practice*. Illinois: F.E. Peacock Publishers, Inc.
- Marsh S.R. MSW, 1988. *Antecedents to Choice of a Helping Career: Social Work vs. Business Majors*. Í *Smith College Studies in Social Work*, Vol. 58, no. 2.
- Miller A. 1981. *The Drama of the Gifted Child*. New York: Basic Books, Inc, Publishers.
- Páll Vilhjálmsson, 1985. *Áströmögur þjóðarinnar?* Sagnir 6. árg.
- Pittman-Munke P. 1985. *Mary E. Richmond: The Philadelphia Years*. Í *Social Casework: The Journal of Contemporary Social Work*, marshefti.
- Reintoft H. 1978. *Samfundsstøtte eller socialpolitisk avantgarde. Et tilbageblik over 40 aars socialraadgivning*. Kaupmannahöfn Dansk Socialraadgiverforening.
- Smith G. 1970. *Social Work and the Sociology of Organisations*. Routledge and Kegan Poul.
- Þórunn Valdimarsdóttir, 1988. *Ævisagnaritun - ein aðferð til að vekkja upp fortíðina*. Sagnir 9. árg.
- Wallace S.R., Goldberg R.J. og Slaby A.E. 1984. *Clinical Social Work in Health Care*. Connecticut: Praeger Publishers Division of Greenwood Press Inc.
- Woititz J. G. Ed.D. 1985. *Struggle for Intimacy*. Florida: Health Communications, Inc.



## Félagsráðgjöf og barnavernd

Gunnar M. Sandholt, yfirmaður fjölskyldudeildar  
Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar



Í þessu erindi mun ég varpa ljósi á störf félagsráðgjafans í barnaverndarmálum og einkum þá togstreitu ólíkra gilda sem óhjákvæmlega fylgir þeim. Togstreituna milli sfíldra meðferðarviðhorfa og valdbeitingar, milli sjálfsákvörðunar og þvingunar. Ég fjalla um mál þar sem félagsráðgjafinn, f.h. barnavemdaryfirvalda, stofnar til afskipta af barni burtséð frá vilja foreldranna eða barnsins sjálfs.

Meginspurning mín er þessi: Er hægt að sameina beitingu barnaverndarvalds og meðferðarviðhorf? Ad sjálfsögðu vfk ég að ýmsum öðrum atriðum er snerta þátt félagsráðgjafans í þessum málum og held mig fyrst og fremst við hann en ekki skjólstæðingana, hvorki barnið né foreldrana. Það veldur e.t.v. einhverjum vonbrigðum að ég geng ekki út frá því að veruleikinn sé svo ómurlegur í þessum málaflokki að eina leiðin til að félagsráðgjafar endist þar sé að fjölga stöðugildunum útfalt. Efnistöð mótast vonandi af því að undanfarin tvö ár hef ég setið í nefnd, sem er að endurskoða barnaverndarlögin, og því hafa spurningar um beitingu formlegs valds og notagildi laganna verið mér hugleiknari en ella.

Ég tel að svar við spurningunni um valdbeitingu og meðferðarviðhorf hljóti að ráða nokkru um það hvort félagsráðgjafar eiga yfir höfuð

erindi inn á þetta verksvið og hvort þeir eru líklegri en aðrir til að vinna vel á þeim vettvangi.

Spurningin um vald og beitingu þess er alls ekki bundin barnaverndarstarfsmönnum einum. Hún er lykilspurning þegar unnið er með fólk, alls staðar þar sem einn hefur sérhæft sig í að hafa annan að viðfangsefni. Max Weber skilgreinir vald þannig að það sé „sá möguleiki að geta fengið vilja sínum framgengt í einhverju samfélagi þrátt fyrir andstöðu annarra“.<sup>1)</sup> Félagsráðgjafinn er bæði seldur undir vald annarra í vinnu sinni og fer sjálfur með vald - mismikið og ólíkrar gerðar - yfir öðrum. Hvort sem okkur líkar betur eða verr erum við sem embættismenn að framkvæma vilja stjórnvalda en erum einnig þátttakendur í sfvaxandi sérfræðingaveldi eins og lögverndun starfsheitis og stéttar ber gleggst vitni um. Það gerir málið síst einfaldara að við þykjumst sérfræðingar í að gera öðrum kleift að fá vilja sínum framgengt, sbr. slagorðið „hjálp til sjálfshjálpar“. Mér virðist einnig misvísandi að ganga út frá því að samband félagsráðgjafa og skjólstæðings byggist á frjálsu vali hins sðarnefnda. Miklu algengara er að aðstæður neyði viðkomandi á fund félagsráðgjafans. Hann lætur fremur stjórnast af ótta við að missa fjölskylduna, svo dæmi sé tekið, eða ráða ekki fram úr einhverju í amstri

daganna heldur en frjálsu vali milli jafngildra kosta.

### Stéttin á vettvangi

Þá má ekki gleyma því að störf fyrir félagsmálaráð og barnaverndarnefndir eru og hafa frá upphafi verið einn helsti starfsvettvangur félagsráðgjafa. Enginn efi virðist hafa verið á því í huga brautryðjendanna að þeir ættu að hasla sér völl á sviði barnaverndarmála. Margir fyrstu félagsráðgjafarnir unnu ýmist fyrir barnaverndarnefndir eða tóku sæti í nefndum. Þegar fyrstu félagsmálastofnuninni í landinu var komið á laggimar hófu félagsráðgjafar ótrauðir störf þar og nærveru þeirra var reyndar beinlínis óskað. Félagsmálaráð Reykjavíkur styrkti ungar konur og karla til náms í félagsráðgjöf gegn því að þau störfuðu á stofnuninni að námi loknu. Árið 1970, þegar stofnunin tók til starfa, unnu þar tveir félagsráðgjafar og félagsráðgjafar höfðu þá setið í barnaverndarnefnd. Loks ber að geta þess að yfirmaður fjölskyldudeildar (framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar Reykjavíkur) hefur verið félagsráðgjafi frá árinu 1972 og mun stéttin vafalítið gera tilkall til stöðunnar á grundvelli hefðar ef ætlunin verður að ráða fólk með aðra menntun.